

Fundargerð aðalfundur FENÚR 2013

Haldinn fimmtudaginn 11. apríl kl. 11:00 , Hótel Hafnarfirði, Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði

1. Kosning fundarstjóra

Formaður, Hafsteinn H. Gunnarsson, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Margrét Gauja Magnúsdóttir, formaður Umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar, yrði fundarstjóri og Bryndís Skúladóttir fundarritari. Samþykkt með lófaklappi.

2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðasta árs.

Formaður flutti skýrslu stjórnar liðins árs. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Fenúr, www.fenur.is. Fram kom að þetta er 13. aðalfundur félagsins. Stjórnin hélt 8 fundi á liðnu starfsári, mest símafundi því stjórnarmenn búa í mismunandi landshlutum. Haustfundur Fenúr var að þessu sinni haldinn í samstarfi við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Fjallað var um drög að landsáætlun. Umræður fóru fram í hópum og voru niðurstöður sendar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis auk þess sem þær eru birtar á heimasíðu félagsins. Er það von stjórnarinnar að þessi vinna hafi nýst ráðuneyti í frekari vinnslu á landsáætlun og að vettvangur Fenúr verði nýttur enn frekar með sama eða svipuðum hætti í öðrum málum og fyrir fleiri aðila.

Stjórn Fenúr sendi frá sér umsögn um drög að landsáætlun um úrgangsmál þar sem Fenúr bauð samstarf vegna samræmingar merkinga og litakerfa sem og í fræðslumálum og gagnasöfnun. Formaður Fenúr sótti fund NAF (Nordisk Affald) og ISWA í september 2012. Einnig sótti formaður og nokkrir félagsmenn ráðstefnu sem haldin var í kjölfar fundarins.

Að lokum minnti formaður á að FENÚR er félagasamtök sem hafa það að markmiði að standa fyrir faglegri umræðu um söfnun og meðhöndlun úrgangs og ekki síst að stuðla að aukinni endurnotkun og endurvinnslu. Þannig er FENÚR faghópur, ekki hagsmunasamtök, þar sem hvatt er til umræðu og skoðanaskipta um ólíkar aðferðir við úrgangstjórnun þar sem taka þarf tillit til ólíkra aðstæðna. Eitt af verkefnum félagsins er að stuðla að meira og markvissara samstarfi milli löggjafarvalds, eftirlits og framkvæmdavalds til að tryggja ásættanlegan árangur í úrgangsmálum þjóðarinnar.

3. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár.

Már Karlsson, gjaldkeri, gerði grein fyrir ársreikningi starfsársins. Ársreikninginn má nálgast á heimasíðu Fenúr, www.fenur.is. Tekju voru af félagsgjöldum, sölu flokkunarmerkja, ráðstefnugjöldum og styrkur fékkst frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti til þátttöku í aðalfundi ISWA. Helstu gjaldaliðir voru þjónustusamningur við Sorpu, ráðstefnuhald, prentun flokkunarmerkja og félagsgjöld ISWA og NAF. Gjöld voru lægri en áætlað var og er hagnaður af rekstri ársins. Reikningar voru samþykktir einróma.

4. Umfjöllun um skýrslu stjórnar og reikninga.

Spurt var um Fenúr fréttir sem ekki komu út á árinu. Þykir missir af þeim því fréttabréfið gerir félagið sýnilegra og stuðlar að upplýsingagjöf. Formaður sagði Fenúr fréttir ekki hafa verið lagðar niður en ákveðið hafi verið að spara prentkostnað og unnið væri að því að skoða rafræna útgáfu. Stjórnarmenn bentu á að félagsmenn megi senda inn efni.

5. Áætlun um starfsemi næsta árs

Áætlað er að starfsemin verði með hefðbundnu sniði næsta ár með haustfundi og aðalfundi að vori. Stjórnin hefur í hyggju að gera félagið sýnilegra, senda út Fenúr fréttir og fá félagsmenn til að skrifa í það. Einnig að fjölga í hópi félaga og nýta samstarfið við erlend félög.

6. Framkomnar tillögur

Á síðasta aðalfundi var stjórn falið að skoða atkvæðavægi félagsmanna. Þetta kemur í kjölfar breytinga á gjaldskrá sem tekur mið af stærð og umsvifum félagsmanna. Stjórn lagði fram við aðalfund að breytingar verði gerðar á 2. gr., 4. gr. og 7. gr. samþykkt FENÚR.

Lagt var til að skv. 2. gr. verði árgjald háð stærð og gerð félaga. Lagt var til að gjaldflokkar séu tilgreindir í samþykktum félagsins. Ekki eru lagðar til breytinga á gjaldflokkunum frá því sem nú er. Einungis gjaldflokkarnir eru tilgreindir í samþykktum en ekki gjaldið sjálft.

Breyting á 4. gr. fól í sér breytingu á atkvæðavægi. Breyting á atkvæðavægi kom til umræðu á síðast aðalfundi og var stjórn félagsins falið málið til umfjöllunar. Með breytingu félagsgjalda árið 2011 var enn aukinn munur á árgjöldum aðildarfélaga. Ástæður þess eru meðal annars að umsvifamestu aðilarnir eru með mun meiri rekstur en áður var en smáu aðilunum hefur fækkað. Tillaga þessi gerir ráð fyrir atkvæðavægi því sem næst í hlutfalli við árgjald hvers og eins en reynt er að halda atkvæðafjölda innan skynsamlegra marka.

Lögð var til breyting á 7. gr. sem fjallar um aðalfund. Samkvæmt 2. gr. skal árgjald ákveðið á aðalfundi og því var lagt til að sá liður sé á dagskrá hvers aðalfundar.

Nokkrar umræður sköpuðust um tillögurnar og spurt hvort ástæða væri til að hafa þetta svo flókið í fagfélagi þar sem ekki væru beinir hagsmunir húfi við atkvæðagreiðslur. Bent var á að ákvörðun um breyttan gjaldastrúktur hafi verið tekin á þar síðasta aðalfundi og þessi breyting væri eðlilegt framhald af því.

Tillögurnar voru bornar undir atkvæði.

Breyting á 2. gr. var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breyting á 4. gr. var var samþykkt. Einn sat hjá.

Breyting á 7. gr. var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Rekstraráætlun fyrir næsta ár

Sjá umfjöllun um starfsemi næsta árs undir 5. lið. Rekstraráætlun næsta árs var samþykkt.

8. Kjör formanns

Hafsteinn H. Gunnarsson bauð sig fram til áframhaldandi formennsku og var kjör hans samþykkt með lófaklappi.

9. Kjör annarra stjórnarmanna

Bryndís Skúladóttir kom í stjórn 2011, Már Karlsson, Ingþór Guðmundsson og Eiður Guðmundsson voru kjörnir 2012. Ekkert sæti aðalmanns er því laust. Ragna Halldórsdóttir og Guðmundur Tryggvi Ólafsson eru varamenn og gáfu þau kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Engin önnur framboð komu fram. Kjör þeirra var samþykkt með lófaklappi.

10. Kjör skoðunarmanna

Jón H. Steingrímsson og Gunnar Bragason voru kjörnir skoðunarmenn.

11. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og sleit fundi kl. 12:00